

Nd.

§57. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um stefnubirtingar.

Frá allsherjarnefnd.

Þetta frv. er komið hingað aftur frá háttv. Ed. með nokkrum breytingum, sem nefndin ræður háttv. deild til að samþykkja, að undanskilinni lítilfjórlegri breytingu í 8. gr., sem eigi er auðið að samþykkja vegna breytinga, er vjer leggjum til að gerðar verði á frv. um lögræði.

Aðalbreytingin, sem frv. hefir tekið í Ed., er sú, að 12.—16. gr., um endurupptöku mála, eru feldar burt. Hinar breytingarnar eru fremur lítilvægar, og mun nokkur grein verða gerð fyrir þeim við framsögu.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frv. með þessari

BREYTINGU.

Fyrir »ósjálfráða« og »ófjárráða« í 4. málsgr. 8. gr. komi:
ósjálfráðum og ófjárráðum.

Alþingi, 8. sept. 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
skrifari og framsögum.

Einar Arnason.

Einar Jónsson.

Pjetur Ottesen.